



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 89. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 10. maí 2010 kl. 15:00, í húsakynnum OR.

Mætt: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson og Sigurður M. Garðarsson. Forföll: Ragna Karlsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Kjör varaformanns, gjaldkera og ritara

Bjarni Pálsson var kjörinn varaformaður, Jónas Matthíasson endurkjörinn gjaldkeri og Gústaf Adolf Skúlason endurkjörinn ritari.

3. Eftirfylgni vorþings

Fyrir fundinum lágu drög að bréfi til stjórnar Samorku, þar sem JHFÍ óskar eftir samstarfi við Samorku þar sem félögin tvö óski sameiginlega eftir því við iðnaðar- og umhverfisráðherra að gengið yrði til viðræðna um rýni og endurskoðun á leyfisveitingum í tengslum við jarðhitavirkjanir, en ærin flækjustig þessa ferlis voru til umræðu á vorþinginu. Rætt um að leggja til samstarf um vinnslu tillagna sem síðan yrðu kynntar stjórnvöldum. JSF gengur frá bréfinu.

4. Önnur mál.

- a. Fjallað um möguleg efni næsta haustþings.
- b. Rædd tillaga BP um að félagið komi á fót orðanefnd. BP sendir fyrirspurn um hugsanlega slíka vinnu til Verkfræðingafélags Íslands.
- c. RK beðin að útfæra styrkauglýsingu og að styrkirnir verði auglýstir með útsendingu til félagsmanna og með samstarfi við GEORG sem hefur góða yfirsýn yfir íslenska vísindamenn og doktorsnema á þessu sviði.
- d. Fjallað um erindi vegna stjórnarkjörs IGA ERB, og ákveðið að leita til Runólfs Maack varðandi tilnefningu í kosninguna af hálfu JHFÍ.
- e. SMG greindi frá því að aðalfundur GEORG yrði haldinn að morgni 21. maí og opið málþing í kjölfarið. SMG sendir dagskrá á stjórnarmenn og GAS kynnir á vef og á útsendilista JHFÍ.

Fundi slitið kl. 16:10. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
